

Fundur haldinn 22. desember kl. 10:00. Mættir í síma: Jón Þórðarson formaður, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson.

**Dagskrá fundarins.**

1. Málefni fatlaðs fólks – aukinn kostnaður vegna kjarasamninga
2. Önnur mál

1. Á fundi stjórnar SKA þann 6. nóvember sl. var því vísað til framkvæmdastjórnar að afgreiða hvernig farið verði með aukinn kostnað vegna málefna fatlaðs fólks sem er tilkominn vegna síðustu kjarasamninga og starfsmats þeirra sem vinna við málaflokkinn. Forstöðumaður sendi Jöfnunarsjóði erindi í október varðandi málið með hvatningu og beiðni um leiðréttingu og ítrekun í síðustu viku en engin viðbrögð hafa borist.

Fyrir liggja gögn frá Fljótsdalshéraði og Fjarðabyggð en þó ekki sambærileg. Forstöðumanni falið að kalla eftir viðbótargögnum og leggja svo fram tillögu á næsta fundi hvernig afgreiðslu skuli háttað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:45

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson